



Til:
Efni:
Upplýsingar:

Þórður Már Sigfússon <skipulag@dalir.is>

Re: Skipulag, ósk um umsögn (Frístundabyggð á Dröngum í Árneshreppi)

Sent: 02-05-2019 10:50:00 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019040031, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2019040031

Við er til meðfylgjandi tölvupósts, dags. 16. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu á fyrirhuguðu deiliskipulagi og breytingu á Aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025 í landi Dranga í Árneshreppi. Um er að ræða skipulagssvæði sem er um 10 ha og á að leggja línur um framtíðar landnotkun á því svæði bæði hvað varðar nýja frístundabyggð og núverandi byggð og aðra nýtingu hlunninda jarðarinnar án þess að ganga á náttúru- eða menningarminjar eða upplifunargildi hennar.

Náttúrufræðistofnun telur að framangreind lýsing skýri að mestu leiti hvert verkefni fyrirhugaðs deiliskipulags er og hvaða þætti þarf sérstaklega að skoða við setningu skilmála í deiliskipulagi svo það uppfylli skilyrði sem fyrirhugað er að setja um nýtingu og vernd náttúru- og menningarminja. Í framangreinda lýsingu vantar umfjöllun um áætlanir landeiganda um að fá jörðina Dranga friðlýsta og hvernig deiliskipulagið verður mótað skv. því, sjá meðfylgjandi bréf. Nýtt deiliskipulag ætti ekki að hafa áhrif á áform um friðlýsingu enda má gera ráð fyrir að tekið verði tillit til náttúruminja og vernd þeirra í deiliskipulaginu og skilmálum þess.

Á árinu 2017 fékk Náttúrufræðistofnun til umsagnar deiliskipulagstillögu um sama efni, sjá meðfylgjandi tölvupóst frá 16. júní 2017. Athugasemdir sem þar koma fram eiga áfram við um fyrirhugað deiliskipulag s.s. hvað varðar lágmarks rask og framandi ágengar tegundir og að almennt verði reynt að halda í upprunaleika svæðisins enda virðist það vilji landeiganda.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins verði talin þörf á því.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson

forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar



Áform um friðlýsingu jarðarinnar Dragna á Ströndum.tif



Áform um friðlýsingu jarðarinnar Dranga á Ströndum.tif



Til:
Efni:
Upplýsingar:

byggingarfulltrúi@dalir.is

Fw: Deiliskipulagstillaga, Drangar í Árneshreppi

Sent: 16.06.2017 12:39:37 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2017050017, Bréfalyklar: 42-0 Umsagnir almennt

Tilvísun í mál: 2017050017

Við er til meðfylgjandi bréfs frá Árneshrepp, dags. 3 maí sl., þar sem kynnt er deiliskipulagstillaga

fyrir Dranga í Árneshreppi. Um er að ræða skipulag fyrir m.a. 14 frístundahús og færslu á tjaldsvæði.

Í 68. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 er Náttúrufræðistofnun Íslands umsagnaraðili þegar um er að ræða gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum og á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. sömu laga. Umrætt svæði er ekki á náttúruminjaskrá en næsta svæði til suðurs á náttúruminjaskrá eru Drangaskörð nr. 325 og fyrir norðan er á náttúruminjaskrá Snæfjallahreppur hinn forni nr. 324.

Deiliskipulagið/frístundalóðir virðast vera að mestu á graslendi/mólendi en á myndum sést að reynt hefur verið að framræsa hluta þess og landið því líklega eitthvað blautt, deiglendi.

Hvað náttúrufar snertir vill Náttúrufræðistofnun benda á að farið sé að öllu með gát við uppbyggingu á þessu svæði og að öllu raski sé haldið í lágmarki. Í deiliskipulaginu segir að ekki sé ætlast til að farið sé í trjárækt með framandi tegundum. Náttúrufræðistofnun leggur til að texti varðandi ræktun sé mun ákveðnari og að það sé einfaldlega gert að hvöð á lóðunum að ekki megi planta framandi tegundum á svæðinu s.s. lúpínu og framandi trjátegundum.

Undirlendi er ekki mikið á þessu svæði og því mikilvægt að halda í eins mikið af votlendi, mólendi og graslendi og mögulegt er vegna plöntu- og dýralífs. Inn á svæði liggja ekki akvegir og er Drangar hluti af stærrri heild sem áður var í byggð. Nú er svæðið að mestu í eyði og hefur yfirbragð lítt snortins lands en þó með miklum menningarminjum hér og þar, sem ber að hlúa að, eins og á Dröngum.

Þó það sé ekki hlutverk Náttúrufræðistofnunar þá vill stofnunin benda á að með skipulagningu frístundahúsabyggðar á þessu svæði þá geta hugsanlega fylgt því skyldur frá hendi sveitarfélagsins, sbr. að t.d. er vísað í Árneshrepp hvað varðar brunavarnir. Með betri aðstöðu á svæðinu má gera ráð fyrir auknum straumi ferðamanna sem hefur í för með sér vissar skyldur hvað varðar uppbyggingu innviða og öryggismál.. Það er ljóst að á þessu svæði þarf að fara að allri uppbyggingu með gát og að erfitt getur reynt að þjónusta svæðið.

Virðingarfyllt

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Bréf

Deiliskipulagstillaga, Drangar í Árneshreppi

Málsnúmer: 2017050017

Númer skjals:

Skráð: 15. maí 2017

Eigandi skjals: Trausti Baldursson

Auðkenni

Efnisflokkur skjals:

Dagsetning skjals:

Staðsetning skjals:

Fyrirtæki: Sveitarfélagið Árneshreppur

Nafn: Kristján Ingi Arnarsson

Vinnsla

Staða: Í vinnslu

Geymslustaður skjals:

Deiliskipulagstillaga, Drangar í Árneshreppi

Viðhengi:



- 20170515095720764.tif

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Þórður Már Sigfússon <skipulag@dalir.is>
Dags: 04/16/2019 03:22:55 PM
Til: "ni@ni.is" <ni@ni.is>
Efni: Skipulag, ósk um umsögn (Frístundabyggð á Dröngum í Árneshreppi)

Náttúrufræðistofnun Íslands
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær

Góðan daginn,

óskað er umsagnar Náttúrustofnunar Íslands um lýsingu á deiliskipulagi og breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps 2005 – 2025 í landi Dranga í Árneshreppi samkvæmt 30. gr. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagssvæðið er um 10 ha að stærð en meginmarkmið þess er að móta heildstætt deiliskipulag sem leggur línur framtíðar landnotkunar án þess að ganga á hlunnindi jarðar, náttúru eða upplifunargildi hennar.

Gögn lýsingar á deiliskipulagi og breytingu á aðalskipulagi er að finna í viðhengi.

Umsögnum skal skilað skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa, í síðasta lagi 3. maí 2019, Miðbraut 11, 370 Búðardal eða á netfangið skipulag@dalir.is merkt „Drangar“.

Mbk,
Þórður Már Sigfússon, skipulagsfulltrúi Dalabyggðar